

FUNDARGERÐ

171. stjórnarfundur KRAFT

171. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 14. janúar 2025, kl. 17.00 á Google Meet.

Fundarmenn : Hinrik, Þórunn Brynja, Auðunn, Aron Ingi, María, Kristleifur, Lára og Laufey
Fjarverandi: -
Fundarritari : Laufey

1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

2. LANDSLIÐSVAL 2025

Landsliðsnefnd KRAFT sendi á stjórn KRAFT tillögu nefndar. Auðunn íþróttastjóri fór yfir valið (fyrr og seinni hluti árs). Umræða varð um nokkur atriði en sátt um valið. Verkefnin eru eftirfarandi (EM öldunga þegar samþykkt) :

Febrúar

EM öldunga í klassískum kraftlyftingum
Smáþjóðaleikarnir í klassískum kraftlyftingum og kraftlyftingum með búnaði

Mars

EM í klassískum kraftlyftingum

Maí

EM unglunga og öldunga í kraftlyftingum með búnaði
HM í klassískri bekkpressu og bekkpressu með búnaði (allir aldursflokkar)

Júní

HM í klassískum kraftlyftingum

Ágúst

Heimsleikarnir
HM unglunga í klassískum kraftlyftingum og kraftlyftingum með búnaði

September

Vestur-Evrópumótið í klassískum kraftlyftingum og kraftlyftingum með búnaði
NM unglunga
EM í klassískri bekkpressu og bekkpressu með búnaði (allir aldursflokkar)

Október

HM öldunga í klassískum kraftlyftingum og kraftlyftingum með búnaði

Nóvember

HM í kraftlyftingum með búnaði
EM unglunga í klassískum kraftlyftingum

Landsliðsval 2025 verður birt á heimasíðu og öðrum miðlum KRAFT við fyrsta tækifæri. Formaður, íþróttastjóri og frkv.stjóri ákveða sem fyrst hvenær landsliðsfundur verður haldinn. Uppfæra þarf landsliðssamninga fyrir fund og á fundi renna yfir skyldur landsliðs.

Stjórn samþykkti samhljóða landsliðsval 2025.

3. NÆSTU ALPJÓÐAMÓT

Farið yfir hverjir fara út sem þjálfarar og dómari á EM í klassík. Þarf einn dómara vegna fjölda keppenda. Lára fer út sem þjálfari á Smáþjóðaleikana.

4. AFREKSSTEFNA

Ný afreksstefna er í vinnslu hjá stjórn. Íþróttastjóri hefur verið í sambandi við afrekssvið ÍSÍ og fengið þar gögn til að skoða.

5. EFTIR HM

Verið er að ganga frá síðustu hnútunum í uppgjöri á HM og frágangi milli KRAFT og Massa. Það er ánægjulegt eftir einstaklega vel heppnað mót að uppgjör verður vel réttu megin við núllið.

6. STYRKVEITINGAR

Gjaldkeri fór yfir Reglugerð Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) um styrkveitingar vegna keppna erlendis og annars kostnaðar. Reglugerð miðast við opinn flokk og unglingsflokk en stjórn var sammála um að gera einnig reglugerð vegna öldungaflokks, gjaldkeri stillir upp. Reglugerð (opinn og unglings) verður birt á heimasíðu KRAFT við fyrsta tækifæri.

7. FJÁRÖFLUN

Ný nefnd hjá KRAFT sk. Fjáröflunarnefnd KRAFT, nefndarmeðlimir ekki endilega í stjórn KRAFT, geta þannig einbeitt sér að verkefninu.

Stjórn samþykkti að taka fyrir á ársþingi KRAFT.

8. ÖNNUR MÁL

- Ársþing KRAFT verður haldið 29. mars. Fyrsta fundarboð þarf að fara út amk 6 vikum fyrir þing þ.e. í síðasta lagi 14. febrúar. Lára pantar sal hjá ÍSÍ fyrir þingið.
- Uppfærsla á orðalagi í reglugerð um félagaaðild og reglugerð um mótahaldi.
- Styttist í æfingamót og dómarapróf á Akureyri auk ÍM í kraftlyftingum með búnaði. Rætt um útfærslu á mót. Á síðasta stjórnarfundum var samþykkt að Aron Ingi og Kristleifur aðstoði við dómarapróf. Aron Ingi er búinn að vera í sambandi við Helga Hauks.

9. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

10. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 19.30